

REGLUR

um unglíngafræðslu utan kaupstaða.

1. gr.

Til þess að geta fengið styrk úr ríkissjóði til að reka unglíngaskóla, verður að hafa fengið samþykki fræðslumálastjóra fyrir stofnun skólans og ráðningu kennara. Forráðamenn skólans, starfsmenn hans og nemendur skulu forðast allan pólitískan áróður. Ennfremur skal skólinn starfa í aðalatriðum í samræmi við reglur þessar.

2. gr.

Kennslan verður að fara fram í húsakynnum, sem héraðslæknir telur fullnægja þeim kröfum, sem heilbrigðismálastjórnin gerir um hollustuhætti skólahúsa og aðbúð nemenda. Skólinn skal hafa þau kennslutæki, sem nauðsynleg verða að teljast til afnota við kennsluna.

3. gr.

Nemendur unglíngaskóla skulu hafa lokið fullnaðarprófi úr barnaskóla og hafa læknisvottorð um, að þeir séu ekki haldnir smitandi sjúkdómi.

4. gr.

Skóli má ekki starfa skemur en 12 vikur, kennslustundir á viku séu ekki færri en 12, og tala reglulegra nemenda a. m. k. 10. Eigi skal skipt í deildir nema þess sé brýn þörf vegna nemendafjölda.

5. gr.

Leggja skal aðaláherzlu á hagnýtar námsgreinar og fari fjöldi þeirra eftir tölu kennslustunda á viku og kennsluviknafjölda, þannig, að tryggt sé, að sem mestur árangur verði af náminu í hverri grein. Í eftirtöldum námsgreinum skal sérstaklega lögð stund á eftirfarandi atriði:

1. Í íslenzku: Höfuðdrætti málfræði og setningarfræða, hreint mál og vandaðan frágang og skipulegan á bréfum og ritgerðum.
2. Í reikningi: Auk hagnýts reikningsnáms verði nemendum kennt að færa einfaldar „kontó“-bækur fyrir sjálfa sig, nótur og reikninga, enn fremur að útfylla víxla og önnur sparisjóðs- og bankaeyðublöð, sem notuð eru í viðskiptalífínu.
3. Í náttúrufræði: Almenna þekkingu á byggingu og starfi líkamans, heilsuvernd og hjálp í viðlögum. Fræðslu um íslenzkar jurtir og dýr.
4. Í landafræði: Aðallega um þau lönd og þjóðir, sem við höfum viðskipti við; ennfremur höfuðdrætti jarðeðlisfræðinnar og þá sérstaklega það, sem viðkemur loftslagi, gróðri, dýralífi o. þ. u. l.
5. Í sögu og þjóðfélagsfræði: Glögg yfirlit um ævi frægra og merkra manna og megintímabil og atburði í sögu Íslendinga (og almennri mannkynssögu, ef því verður við komið.) Helztu atriði núverandi þjóðskipulags Íslendinga.
6. Í erlendum tungumálum: Að nemendur geti tileinkað sér efni úr bókum á meðalþungu máli.
7. Tilsögn í leikfimi, teiknun og söng skal og veita, þar sem nokkur tók eru á því.

6. gr.

Í lok námstímans skal halda próf a. m. k. í þeim greinum, sem höfuðáherzla hefir verið lögð á. Skólanefnd barnaskóla viðkomandi skólahverfis skipar prófdómara.

7. gr.

Í þeim skólahverfum, sem hafa skólahús fyrir barnaskóla, er fengið hafa byggingarstyrk úr ríkissjóði, skal skólahverfið leggja til ókeypis afnot af húsinu til unglíngaskólahalds, svo framarlega sem það er fært vegna barnafræðslunnar, enn fremur ókeypis ljós og hita.

8. gr.

Skólagjöld nemenda skulu ákveðin í samráði við fræðslumálastjóra.

9. gr.

Skólastjóri gerir þær skýrslur, sem fræðslumálastjórnin mælir fyrir um, og sendir þær sem fyrst eftir að skóla er lokið, ásamt reikningi yfir tekjur og gjöld skólans.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt 20. gr. laga nr. 48 19. maí 1930, um gagnfræðaskóla, til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 29. ágúst 1939.

Hermann Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

REGLUGERÐ

155

um bann gegn útflutningi á nokkrum vörutegundum.

29. ágúst

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum útgefnum í dag er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Bannað er að flytja út úr landinu eftirtaldar vörur:

Fóðurmjöl, þar á meðal sildarmjöl og fiskmjöl, þorskalýsi, hvallýsi, hvalkjöt, kol og brennsluoliur og ennfremur allar innfluttar matvörur og nýlenduvörur.

2. gr.

Leyfi til útflutnings á þeim vörum, sem áður þurfti útflutningsleyfi fyrir, sem stjórnarráðið hefir þegar veitt, falla hér með úr gildi að því er snertir vörur þær, er taldar eru í 1. gr.

3. gr.

Viðskiptamálaráðuneytið getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. gr. reglugerðar þessarar í einstökum tilfellum.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 100000 krónum og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 29. ágúst 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.